

Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. mars 2018

Ákall frá íslensku þjóðinni!

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum (bann við umskurði drengja), 148. lögjafarþing, 114. mál.

Ágæta Alþingi,

Þann 9. mars 2018 hóf Intact Iceland undirskriftarsöfnun fyrir almenning á Petitions24.com. Á 19 dögum skrifuðu 2.332 Íslendingar undir "Ég styð bann við umskurð á heilbrigðum kynfærum drengja á Íslandi". Listinn verður áfram opin þar til lög um aldurstakmark verður sett á umskurð á drengjum á Íslandi. Listi yfir nöfn þeirra 2.332 einstaklinga sem skrifuðu undir var afhentur Alþingi útprintaður þann 28. mars 2018. Einnig er hægt að sjá listann á https://is.petitions24.com/bann_vi_umskur_a_heilbrigum_kynfarum_drengja

The screenshot shows a petition page on Petitions24.com. The title is "Ég styð bann við umskurð á heilbrigðum kynfærum drengja á Íslandi". Below the title is a description: "Ég styð bann við umskurð á heilbrigðum kynfærum drengja á Íslandi og styð að þeir geti spáfr létt ákvarðun eftir 14 ára aldur þegar þeir hafa vil og ákurt til að taka uppýsta ákvarðun". There is a photo of a child being circumcised with the caption "Líðinn verður sendur inn sem umsögn til Alþingis þann 28.mars". Below the photo is the text "Intact Iceland" and "Hafðu samband við höfund undirskriftarlistans". On the right side, there is a form for signing the petition with fields for "EVA", "Íslennast", "Stemma nafn", "Rang", "Bretland", and "Netfang". There are also checkboxes for "Sendu mér upplýsingar um þessa undirskriftasöfnun" and "Sýna undirskrift mína öllum". At the bottom, there is a button "Skrifa undir þennan undirskriftarlista" and a Facebook share button.

Athugasemdir þeirra sem voru búnir að skrifa undir 28. mars 2018:

1. Ég vil tryggja að drengirnir hafi sama jafnrétti til að taka ákvarðanir gagnvart eigin líka og stelpurnar. Að auki vegna þess að þetta er sársaukafull aðgerð, með sársaukafulla daga eftirá og ALGJÖRLEGA ónauðsynleg!
2. Ég styð mannréttindi drengja.
3. Þetta er svo sjálfsgat mál að það ætti ekki að þurfa að ræða það

4. Að þetta er hreint og klárt ofbeldi
5. Það þarf að stoppa þessa níðslu á sveinbörnum! Mannréttindi þeirra verður og á að virða að fullu.
6. Kreddum og forneskju trúarbragðanna á ekki að troða á ómálga börn, og rista með því nafn ósýnilegs vinar foreldranna í barnið með eggvopnum.
7. Allar ónauðsynlegar aðgerðir á kynfærum barna eru óásættanlegar.
8. Ég vil ekki að það sé brotið á fólki og alls ekki börnum.
9. Umskurður er barnanið. Bæði á drengjum og stúlkum.
10. Fátt er sjúklegra en að skera í typpin á litlum drengjum.
11. Enginn á að hafa rétt til að skaða líkama barna hvorki með umskurði né á annan hátt.
12. Óafturkræf aðgerð ("skemmd") gerð á ómálga barni, án þess að fyrir því sé nokkur nauðsyn. Nei, trú er *EKKI* nauðsyn á svona limlestingu. Þegar viðkomandi er orðinn sjálfráða, þá má hann ráða því hvort hann vilji láta klippa af sér bút, eða ekki. En ómálga, ósjálfstætt... barn, sem treystir á sitt nánasta fólk, til að sjá um sig? Þetta er barasta BARNANÍÐ!
13. Umskurður hvítvoðunga er villimannsleg mannvonzka.
14. Ég reyndar skil ekki afhverju það þarf þetta sérstaka bann, ég hélt að limlestingar á börnum (reyndar á öllum) væru almennt bannaðar á Íslandi.
15. Ég skrifa undir vegna þess að ég virði mannréttindi barna til að fá að velja um umskurð sjálf þegar þau verða fullorðin.
16. Það á ekki að líðast að skera burt líkamshluta af óvita barni
17. Var umskorinn eftir sex áratugi man ég sársaukan vel og þekki eftirköstin vel, bið ykkur um að valda börnum ekki þjáningum og skaða að óþörfu, treysti því að miskun og mennska ráði eins og svo oft áður ákvörðun Íslendinga.
18. Því þetta er ofbeldi á börnum. Þau geta tekið þessa ákvörðun seinna meir ef þau vilja.
19. Ég skrifa undir vegna þess að limlestingar barna eiga ekki að líðast
20. Ég skrifa undir vegna þess að mér finnst fráleitt að foreldrar geti ákvarðað fyrir börn sem þau hafa í sinni umsjón í 18 ár eftir fæðingu hvort börnin hafi alla sína útlími óskaddaða. Það er ekki val foreldranna. Þó börn fæðist foreldrum hafa foreldrar engan rétt til að meiða börn sín undir nokkrum kringumstæðum, hvað þá orsaka varanlega limlestingu barnanna í nafni trúar eð annarra kredda.
21. Ég stið ekki barnanýð
22. Því ég er á móti ofbeldi
23. Barn getur ekki samþykkt þessa aðgerð sem er ekki tekin til baka og er eingöngu gerð í þágu truar bragða foreldra, trú getur verið iðkuð án mýspirninga barns
24. Því limlestingar á barni eru siðferðislega rangar og það er ákvörðunarréttur einstaklingsins hvort hann vilji seinna meir gangast undir þessa aðgerð eður ei.
25. Ég vil ekki sjá þessa illmennsku leyfða her á landi. Það er skref 1400 ár aftur í tímann. Við eigum ekki að taka upp glæpi gegn börnum til að þóknast öðrum trúarbrögðum. Það er heimska.
26. Verjum mannréttindi barna. Forðum börnum frá ónauðsynlegum aðgerðum sem setja heilsu þeirra í hættu og geta minnkað lífsgæði þeirra. Verjum rétt fólks til að taka ákvarðanir er varða eigin líkama. Börn eru ekki eign foreldra, þetta eru manneskjur sem eiga sjálfsákvörðunarrétt yfir eigin líkama. Látið kynfæri barna í friði!

27. Af mannréttindaástæðum
28. Umskurður barns er limlesting án samþykkis.
29. Það er fáránlegt að gera óafturkræfra aðgerð á einstakling sem ekki hefur veitt samþykki sitt fyrir henni í nafni trúar!
30. Því þetta á að vera val þegar þú hefur þroska til
31. Vegna þess að ég tel að þetta eigi ekki að eiga sér stað á landinu okkar að börn sé látin þjást vegna trúar foreldra sinns. Einstaklingarnir geta tekið ákvörðun um það sjálfir þegar þeir verða 18 ára.
32. Mannréttindi barna
33. Ég skrifa undir til þess að vekja athygli á því að ýmislegt er látið viðgangast í nafni trúar og/ eða hefðar sem stríðir á móti almennri skynsemi
34. Börn eiga rétt á því að ákveða þetta þegar þau eru komin með aldur til.
35. Ég styð bann við umskurð og að þeir geti tekið ákvörðun þegar þeir hafa vit og aldur til að taka upplýsta ákvörðun
36. Ég tel ekki að neinn eigi að geta tekið ákvörðun um að frakvæma ónauðsynlega og óafturkræfa aðgerð á öðrum einstakling þar sem hluti líkama viðkomandi er fjarlægður.
37. Að þetta er ógeðslegt og ekki boðlegt fyrir ung börn.
38. Mér finnst drengir eigi að ákveða þetta sjálfir þegar þeir eru sjálfráða.
39. Er á móti því að átt sé við heilbrigð kynfæri.
40. Drengir fæðast með forhúð, hún er til að vernda og koma í veg fyrir sýkingar. Stöndum vörð um Barnasáttmálann.
41. Ég skrifa undir því þetta er ómannlegt og drengir eiga að fá að ákveða þetta sjálfir
42. Ég hafna því að misþyrmingar á börnum séu í lagi...
43. Ég skrifa undir vegna þess ef heilbrigði er fyrirog eins mér finst að trúar brögð komi þessu ekkert við Börnin eiga að hafa val eftir 18 ára aldur
44. Drengir eiga að velja sjálfir við fullorðinsaldur hvort vilja umskurð
45. Trúarbrögð eru rót viðbjóðs í heiminum, umskurður á börnum er mannvonska vegna ógeðis trú...
46. Það er klárlega ekki börnum bjóðandi að skemma fullkomlega heil kynnfæri. Og þetta getur ekki staðist barnaverndarsáttmála Sameinuðu þjóðanna
47. Finnst þetta fáránlegt þetta á að vera einstaklings val
48. Það er bannað að meiða börn.
49. Þetta er auðvitað ómanneskjulegt
50. Segir sig sjálft.
51. Banna skal allar aðgerðir á börnum þar sem líkamshlutir eru fjarlægðir nema vegna læknisfræðilegra ástæða.
52. Finnst þeir eiga geta tekið ákvörðun sjálfir um og eftir 18 ára aldur
53. Þetta er ofbeldi af verstu sort
54. Það er algjörlega ólíðandi að setja drengi í lífshættu af trúar eða menningarlegum áatæðum.
55. Forhútið HEFUR TILGANG, og hún er akki hlutur sem er galli á líkama ungra drengja,
56. Það er engan vegin réttlætánlegt í upplýstu nútíma samfélagi að óafturkræf aðgerð sé gerð á barni af trúarlegum ástæðum.
57. Ég er á móti svona aðgerð í trúarlegum tilgangi

58. Villimennska í skjóli trúar gagnvart ungabörnum á ekki að líðast í siðuðu þjóðfélagi árið 2018
59. Þetta á að vera val einstaklinganna sjálfra við lögræðisaldur
60. Þetta er viðbjóður
61. Þetta er ónauðsynlegt inngrip á saklausu barni. Ef einstaklingur er trúaður getur hann gengist undir aðgerðina þegar hann hefur vitsmuni til að samþykkja hana.
62. Ég tel umskurð vera ofbeldi gegn barni og það sé ekki hægt að vísa í hefðir og trú foreldra til að réttlæta ofbeldi. Ég tel að umskurður sé nú þegar ólöglegan, þar sem hann brýtur gegn Barnasáttmálanum og 27. grein laga um réttindi sjúklunga. Í barnasáttmálanum er fjallað um rétt barna til verndar og ávalt séu teknar ákvarðanir sem eru þeim fyrir bestu. Rétt barna til að njóta bestu mögulegu heilsu. Ég tel það einstaklega fáránlegt að fólk noti trúarfrelsi sem rökstuðning fyrir því að leyfa aðgerðir sem þessar þar sem Barnasáttmálinn tryggir börnun jafnt sem foreldrum persónulegs félaga- og trúfrelsi. Umskurður snýst um trúfrelsi en hann snýst um trúfrelsi barnsins ekki foreldranna og það er að mínu mati gróft brot á trúfrelsi einstaklings að gera óparfa, óafturkræfa, sársaukafulla og mögulega skaðlega aðgerð í nafni trúar foreldra þess. Ég tel hann vera brot á lögum um réttindi sjúklunga, en í 27. grein þeirra laga stendur: Hlífa ber börnum við ónauðsynlegum rannsóknum og aðgerðum.
63. Þetta er ónauðsynleg misþyrming á ómálga börnum og vand séð hvað þetta kemur trú við
64. Umskurður a ómálga barni er ekkert annað en ofbeldi og limlesting.
65. Ég skrifa undir af því að ég vil að umskurði á kynfærum drengja verði bönnuð. Þessi aðgerð er óþörf að mínu mati og er skýrt mannréttindabrot. Umskurður er óparfa grimmd og svívirðing við unga drengi sem eru of ungir til að samþykkja eða neita þessari aðgerð. Mér finnst persónulega séð að þessi aðgerð sem er varanleg niðurlægjandi fyrir karlmenn. Þetta eru ekki miðaldir heldur 2018, sýnum öllum virðingu!
66. Umskurður er læknisfræðilega tilgangslaust og viðbjóðslegt niðingsverk á varnarlausum börnum og ætti að sjálfsögðu að vera bannað með lögum.
67. Sé ekki ástæðu til að gera ónauðsynlegar aðgerðir á nýburum. Drengir eftir 18 ára geta valið sjálfir hvort þeir vilji þetta en nýburi hefur ekkert vald. Öllum aðgerðum fylgir áhætta og ætti því að vera bannað að framkvæma ónauðsynlegar aðgerðir á nýburum og börnum.
68. Þetta ætti banna fyrir löngu.
69. Réttur barna vegur hærra en lífs- og trúarskoðanir foreldra þeirra.
70. Umskurður á börnum er ofbeldi.
71. Drengir eiga að fá að ráða því sjálfir hvort þeir eru umskornir
72. Það á ekki að gera neitt óafturkræft við börn/ungabörn til að uppfylla hefðir, trúarskoðanir og eða útlitslegt val foreldranna. Þetta er alvarlegt inngrip og mikill sársauki og hefur áhrif á lífsgæði barnsins til frambúðar. Og óásættanleg aukaverkun er að heilbrigð fædd sveinbörn hafa dáíð eftir þessa ónauðsynlegu athöfn. Það sama á við stúlkubörn sem hafa verið umskornar við misjöfn skilyrði og sýkingarhætta þá mikil.
73. Ungabörn hafa margfalt næmari taugaenda en við, og er þessi villimannalega "hefð" því einfaldlega pyntingar á saklausustu einstaklingum okkar samfélags. Vísa rannsóknir líka til þess að umskornir menn njóta ekki kynlífs eins vel og aðrir, þar sem taugaendarnir í kóng þeirra eru ekki jafn næmir.
74. Mér er annt um börn og umskurður er út í hött.

75. Algjörlega tilgangslaust. Árás á ómálga barn sem getur ekki varið sig eða gefið álit eða skoðun á málinu.
76. Þetta er með öllu ósiðlegt, hver og einn skal hafa rétt til eigin ákvarðana.
77. Þetta er misþyrming á ómálga börnum og kemur trúarbrögðum ekkert við. Þetta er aldargömul bábylja.
78. Bann við umskurði beggja kynja
79. Þarft málefni
80. Það brýtur gegn sjálfsákvörðunarrétti að gera óþarfa og óafturkræfa breytingu á líkama manneskju sem er ófær um að veita samþykki. Sjálfsákvörðunarréttur er ófrávíkjanlegur (unalienable) réttur.
81. Börn eru frjálbsbornir einstaklingar, foreldrar eru leiðbeinendur og gæta þeirra til fullorðinsára.
82. Þetta er helvítis sori
83. Það er mín skoðun að enginn hafi rétt til að framkvæma óafturkræfar aðgerðir á ungabörnum, hvorki í nafni trúar, haturs eða af neinum ástæðum.
84. Ég er alfarið á móti ónauðsynlegum og óafturkræfum aðgerðum á ómálga börnum sem geta skaðað þau fyrir lífstíð!
85. Á að vera val á fullorðinsárum.
86. Limlestingin er rökrétt útaf þúsund ára gamalli bók. Á sér enga stoð í raunveruleikanum árið 2018.
87. Því þetta er mannvonska !
88. Ég er á móti misþyrmingum á börnum.
89. Heilbrigð skynsemi.
90. Líkami nýfæddra drengja er þeirra eigin, ekki eitthvað sem foreldrar ættu að mega breyta vegna persónulegra skoðanna sinna án læknisfræðilegrar ástæðu. Ég á tvo litla drengi og hef engan áhuga á að hafa svo víðtækan rétt yfir þeim.
91. Mér finnst það vera mannréttindi að menn fái að taka þessa ákvörðun sjálfir þegar þeir hafa aldur og þroska til.
92. Sé ekki læknisfræðileg þörf á að umskera þá er það líklega vilji foreldra út af trúarlegum ástæðum, þess vegna á þetta að vera Val einstaklingsins. Barnið ætti að geta tekið þessa ákvörðun sjálf þegar það er orðið 18 ára
93. umskurður er viðbjóður. Fólk að skipta sér að kynfærum barna? Svo verður kynlíf verra fyrir folk sem er umskorið það er tilfinning sem fer við þetta svo það er verið að skipta sér að því hversu mikla löngun fólk hafi fyrir kynlífi. Bull og vitleysa og eldgömul hefð sem á að deyja.
94. Við erum lagalega skuldbundin til að uppræta forneskjulegar hefðir sem eru skaðlegar heilbrigði barna. smbr. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna 24.gr. 3.liður
95. Mér finnst að þetta eigi að vera val barnsins "drengsins"
96. Er á móti ofbeldi ,svo ég tali nú ekki um á litlum börnum .
97. Fólk á að hafa val um varanlega aðgerð sem þessa, þegar það hefur aldur til.
98. Þetta er algjörlega óþörf aðgerð og getut valdið drengjum miklum erfileikum allt lífið. Gyðingar gera þetta af trúarástæðum og ætti þeir að gangast undir þessa aðgerð þegar þeir hafa vit og þroska til að taka ákvörðun. Bandaríkjamenn byrjuðu á þessu eftir að hermenn komu heim ur stríði og þeir voru með miklar sýkingar undir forhúðinni sem sagt kynsjúkdóma eftir nauðganir og viðbjóð sem fylgir stríðum, síðan varð þetta hefð hjá þeim.

99. Umskurður er rangur sama hvaða kyn á í hlut
100. Heilbrigð kynfæri drengja eiga að vera látinn vera og má sá sem á kynfærinn fara sjálfur í umskurð ef hann er orðinn lögráða, náð 18 ára aldri
101. Ekki á að leyfa foreldrum eða trúarsöfnuðum að taka óafafurtækar ákvarðanir fyrir ungabörn
102. Viðbjóður
103. Umskurður drengja fer gegn því að vernda börn. Þetta er óþörf aðgerð sem getur leitt til dauða!
104. Mér finnst þetta vera mjög rangt og manneskjan á að fá að ráða sjálf þegar hún verður eldri hvort hún ætli að taka þátt í svona trúarrugli.
105. Allir eiga rétt á að ráða líkama sínum sjálfir!
106. Við erum komin lengra en þetta sem mannkyn að afmynda líkama barna vegna trúar eða hefða.
107. Ofbeldi gegn börnum sem ekki á að líða!
108. Ég vill að barnið hafi tækifæri á að taka sjálft ákvörðun um málið.
109. Þetta er viðbjóður og ekkert barn á að lenda í þessu
110. Barnanið er aldrei réttlæt看legt þó það séu einhverjir sem vilji halda í einhverjar hefði sem eru komnar úr fornöld
111. Þetta er þeirra val og þeir eiga að fá að hafa skoðun á þessu
112. Þessu þarf að útrýma eins og öðrum hindurvitnum.
113. Ég er umskorinn 25 ára af læknisfræðilegum ástæðum, ég get ekki séð af hverju nokkur maður ætti að vilja vera umskorinn ef fúsum og frjálsum vilja nema hafa verið með of þrönga forhúð eins og ég
114. Ég styð sjálfsákvörðunarrétt einstaklings þegar kemur að læknisfræðilega ónauðsynlegu og óafturkræfu innngripi í líkama viðkomandi.
115. Umskurður er viðbjóður, ekkert á að vera gert við líkama á manneskju ef sú manneskja getur ekki mótmælt því.
116. Ég er á móti umskurði á kynfærum ungra drengja á Íslandi..
117. Limlestingar af trúarlegum undirrotum án samþykkis hluteigansi eiga ekki rétt á sér. Sama hverjar þær eru eða á hverjum þær eru framdar hvort sem er á drengjum, stúlkum, fullorðnum eða málleysingjum. Og eiga í ÖLLUM tilfellum að vera refsiverðar.
118. Ég er á móti umskurði án samþykkis þess sem á að umskera!
119. Ég vil að kraftar heilbrigðisstarfsmanna séu nýttir til að lækna sjúka og meidda en ekki skemma það sem heilt er.
120. Umskurður á heilbrigðum kynfærum er 100% óþarfur til að halda fullu hreinlæti. Umskurður getur verið mjög hættulegur og valdið sýkingum, tilfinningarmissi, getuleysi og jafnvel dauða. Aðgerðin er mjög kvalafull, svo enginn ætti að þurfa að ganga í gegnum hana nema velja það sjálfur þegar hann er orðinn sjálfráða.
121. Börn eiga rétt á að velja sjálf
122. Umskurður barna er brot á þeirra mannréttindum
123. Drengir eiga að áhveða þetta sjálfir þegar þeir verða sjálfráða
124. Móti öllu ofbeldi, menn geta valið af láta um skera sig þegar þeir verða fullorðnir.
125. Að ráðast á smábörn og meiða þau í nafni trúar á ekki að eiga sér stað. Það er ljótt og ómanneskjulegt.

126. Ég skrifa undir vegna þess að umskurður á barni er ofbeldi!
127. Réttur fólks til trúfælsis gefur því ekki leyfi til að skera hluta af líkama annarrar manneskju.
128. Er á móti umskurði
129. Ég skrifa undir vegna þess að mér þykir það sjálfsagt og eðlilegt og ég er almennt á móti fullkomlega ónauðsynlegum aðgerðum - sérstaklega þar sem börn eiga í hlut.
130. Ég vil að strákar hafi val þegar þeir eru 18 ára
131. Því að þetta er ofbeldi gegn börnum.
132. Ég skrifa undir vegna þess að vernda þarf rétt drengja til að taka ákvarðanir um eigin kynfæri þegar þeir eru fullorðnir.
133. Sem heilbrigðisstarfsmaður get ég ekki séð nein haldbær rök fyrir því að umskera heilbriggt barn.
134. Umskurður er tímaskekkja
135. Þessi aðgerð leiðir til þess að "kóngurinn" missir næmni vegna stöðugs núnings. Hvað varðar heilbrigðissjónarmið þá sé ég ekki hvernig forhúð á að hafa áhrif á krabbameinsmyndun og hvað varðar hreinlæti þá þarf að hreinsa umskorin typpi alveg eins og óumskorin. Þessi aðgerð á ekki rétt á sér og þó það sé vandamál vegna of þröngrar forhúðar þá er nóg að vkera smá til að víkka en algjör óþarfi að taka allt. Karlmennt eiga að hafa val þegar þeir verða einmitt fullorðnir karlmenn.
136. Ég skrifa undir vegna þess að ég styð við mannréttindi barna til þess að taka þessa ákvörðun sjálf við 18 ára aldur!
137. Ungabörn þurfa vernd, ekki pyntingar og líkamsafskræmingar.
138. Árásir á kynfæri ættu alltaf að vera bannaðar!
139. Þetta er ógeðslegt
140. Þetta er ómannúðlegt og misnotkun svo ekki sé meira sagt!
141. Vegna þess að barnaníð er viðbjóðslegt og getur aldrei haft eitthvað með trú að gera
142. Ég er á móti umskurð drengja..
143. Tilgangslaus, sársaukafull og hættuleg aðgerð án samþykkis
144. Drengir eiga sjálfir að fá að ráða þessu þegar að þeir hafa aldur til hvort þeir vilji láta gera þessa aðgerð á sér eða ekki.
145. Kynfæralímlestingar barna eiga að vera bannaðar. Líka á drengjum.
146. Finnst þetta misþyrming
147. Hér er verið að grípa inn í líkama ungra drengja af engri ástæðu. Ekki eru þeir veikir nei heldur er orsökina trúarbrögð foreldra. Þetta er algjörlega ólíðandi. Ég styð frumvarpið heilshugar.
148. Ég styð bann á umskurði drengja vegna þess að þeir eiga sjálfir að hafa val um hvort þeir vilji láta umskera þig. Þetta er jù þeirra líkami en ekki annara
149. Einfaldlega vegna þess að þeir sem kjósa að búa á Íslandi skulu fara eftir okkar hefðum og við gerum ekki svona við lítil börn, Ég lít á umskurð drengja alveg jafn mikla líkamsárás eins og umskurður kvenna
150. Þetta er val sem einstaklingar eiga sjálfir að geta tekið eftir 18 ára aldur.
151. Tímaskekkja
152. Ég skrifa undir vegna þess að það er ekkert rétt við að skadda börn að óþörfu.
153. Engin trú á að réttlæta aðgerð án samþykkis þolanda

154. Ég skrifa undir þennan lista því ungir menn eiga að fá að velja þetta sjálfir ef þeir vilja. Það ætti aldrei að gera óþarfar aðgerðir á mannslíkama barna eða unglunga.
155. Ef viðkomandi vill umskurn þá tekur hann sjálfstæða ákvörðun um það eftir að hafa náð 18 ára aldri.
156. Þetta er hrikalegt ofbeldi á saklausum börnum
157. Við erum siðmenntað þjóðfélag sem samþykkjum ekki pintingar á ungabörnum.
158. Vegna þessa að mér finnst að bæði drengir og stúlkur eigi að taka sjálf ákvörðun um umskurð þegar þau hafa haldur til eða um 18 ára aldur.
159. Við eigum að vernda hjálparlaus, lítil börn gegn ofbeldi, alltaf.
160. Að það á að verja öll börn í heiminum fyrir pyntingu og fleirru. Svona lagað á aldrei að líða.
161. Barnið á sjálft að fá að taka ákvörðun um þetta þegar að það verður fullorðið.
162. Það er verið að skerða sjálfsákvörðunarrétt barna.
163. Ég skrifa undir vegna þess að ég vil taka þátt í eðlilegum þjóðfélagsbreytingum.
164. Það er réttur barnsins að það sé barist fyrir réttindum þess.
165. Það er löngu tímabært að þessi villimennska sé stoppuð.
166. Mér finnst þetta barnaníð
167. Mér þykir það óeðlileg að gefa einstaklingum ekki val um sinn eigin líkama. Þetta er ekki ákvörðun sem foreldrar eða aðrir eiga að taka fyrir barn sitt.
168. Ég styð bann við umskurð á heilbrigðum kynfærum drengja á Íslandi og styð að þeir getir sjálfir tekið ákvörðun eftir 18 ára aldur þegar þeir hafa vit og aldur til að taka upplýsta
169. Ég skrifa undir vegna þess að ég er alfarið móti ofbeldi gagnvart börnum, sama undir hvaða formerkjum ofbeldið er framið. Það réttlætir ekkert ofbeldi, hvorki trúarskoðun annara (t.d. foreldra) né aðrar afsakanir!
170. Umskurður á stúlkum er bannaður og því ætti líka að banna umskurð á drengjum, út frá jafnréttissjónarmiðum. Mér finnst að réttur barna eigi að vera réttþærri en réttur foreldra. Undantekning er að það þurfi að framkvæma umskurð af læknisfræðilegum ástæðum.
171. Þetta þarf ekki einu sinni að ræða, banna þetta strax!
172. Mér finnst þetta bara sjúkt. Að skera skinn af typpinu á ungum drengjum. Á engin orð til að lýsa því hvað þetta er fáránlegt.
173. Það ætti ekki að vera trúfrelsi ef trúarlegar aðgerðir fela í sér sársauka, þjáningu eða dauða dýra eða manna.
174. Vegna þess að mér finnst að ofbeldi geti ekki falið sig á bak við trúarbrögð og að við eigum að vernda börn fyrir hvers kyns ofbeldi sem þau geta ekki varið sig sjálf gegn.
175. Trú er ekki gild afsökun til að meiða fólk.
176. að þetta er ofbeldi
177. Mér finnst þetta rangt
178. Vegna þess að ég tel umskurð vera rangan og vilji menn þetta, verði þeir að bíða þar til ná amk sjálfræðisalri sem nú er 18 ára. Læknum á síðan að vera heimilt að neita slíkri aðgerð þrátt fyrir að menn nái 18 ára aldri, ekki að gera þá skilduga að gera aðgerð þegar ekkert er að sem krefst þess læknisfræðilega séð.
179. Litlir börn eiga fá að alast upp hér á landi í friði og öryggi. Njóta verndar íslenskra laga.
"Heilbrigð sál í hraustum líkama "
180. umskurður er óafturkræf en þjáningarfull og heilsufarslega séð tilgangslaus aðgerð.

181. Foreldrar eiga ekki að hafa vald til þess að senda börn sín í óþarfa aðgerð, til þess eins að skera burt skin
182. 18 ára aldurinn er gott viðmið
183. Ég tel þetta vera brot á réttindum drengja til þess að fá að veæja og hafna sjálfir.
184. Trúfrelsi veitir ekki frelsi til limlestinga annara.
185. Do no harm.
186. Er á móti umskurði á heilbrigðum kynfærum drengja.
187. Ég skrifa undir vegna þess að Ég er a móti því að það eru gerðar óþarfa lækniaðgerðir á börnum.
188. Ég er á móti því að níðingsverkum á saklausum og varnalausum börnum.
189. Ég tel umskurð á ómálga heilbrigðum börnum vera alvarlegt ofbeldi. Enginn hefur í mínum huga rétt til þess að limlesta á nokkurn hátt eða umbreyta annarri manneskju.
190. Eg a dreingi og finst þetta viðþjóður
191. Að varðveita rétt einstaklingsins til að taka sjálfstæðar ákvarðanir er stór hlekkur í jafnrétti, sjálfstæði og ábyrgð.
192. Ég skrifa undir þetta því að karlar eiga að geta tekið eigin ákvarðanir þegar það kemur að líkamspörtum þeirra
193. Mannréttindi barna vega hærra en trúarskoðun foreldra þeirra. Ákvörðun um umskurð á að vera í höndum hvers og eins eftir að sjálfræðisaldri hefur verið náð.
194. Ég tel að umskurður á heilbrigðum börnum brjóti mannréttindi þeirra og mannhelgi.
195. Að skera af hluta kynfæra drengja er mannréttindabrot, sama hvaða ímyndaði Guð segir að svo eigi það að vera.
196. Þetta er mannréttindabrot!
197. Ég skrifa undir vegna þess að mér finnst að það eigi að vera í höndum hvers og eins einstaklings að velja hvort hann gengur undir ónauðsynlegar aðgerðir eða ekki.
198. Ég vil ekki að barnið mitt þjáist útaf einhverju sem myndi ekki endilega þurfa að gera.
199. Þeir eiga að hafa val þegar þeir eru orðnir 20 ára eða svo
200. Sumar hefðir og venjur eru bara fáránlegar!
201. Mannréttindi eru æðri trúartengdum réttindum. Margir gyðingar og eflaust aðrir hópar líka láta eingöngu umskera drengi sína vegna félagslegs þrýstings. Ef Ísland (og trúlega líka Danmörk) bannar slíkt verður auðveldara fyrir fólk að standast þann þrýsting.
202. Reglulega er þörf á því að staldra aðeins við og spurja hvort það sé í raun þörf á því sem fólk er að gera í nafni hefða. Þetta er eitt af þessum aðgerðum, árið 2018, trúarlegt eður ei, sem eru gjörsamlega tilgangslausar og eru þar með grimmdarleg.
203. Vegna réttar hverjar manneskju á að fá að ráða yfir líkasímanum og lífi. Inngrip í líf barna á ekki að vera gert á líkama barna. Human rights
204. Mér finnst að hver og einn einstaklingur eigi að fá að velja fyrir sig hvort viðkomandi vilji umskurð eður ei.
205. Umskurður á barni er ekki trúfrelsi ,það er limlesting á einstaklingi í nafni trúar sem það hefur ekki sjálft valið.
206. Mannúðarsjónarmið
207. Þetta á ekki að eiga sér stað, aldrei!

208. Að gera þetta án læknisfræðilegrar ástæðu sem sýnir fram á að þetta sé nauðsyn er ekkert annað en misþyrming á börnum.
209. Eg skrifa undir því mer finnst að sá sem þarf eða vill þarf hann að vera orðinn sjalfráða og getur þá tekið þessa ákvörðun sjálfur
210. Drengir eiga að ráða sjáldir yfir sínum kynfærum. Geta umskorið eftir 18 ára aldur ef þeir vilja
211. Vil banna umskurð drengja og stúlkna.
212. Umskurður er barnanið. Bæði á drengjum og stúlkum.
213. Þetta er kvöl fyrir lítið barn og verið að ganga á rétt barnsins, ómannúðlegt.
214. Ég vil að Ísland sýni fordæmi í því að heimila ekki lýtaaðgerðir á kynfærum barna.
215. Þeir sjálfir eiga rétt á að velja hvort þeir vilja þetta eða ekki!
216. vegna þess að eg stið ban við umskurði a drengjum a islandi
217. Umskurður á að vera val þegar einstaklingurinn hefur aldur og þroska til að taka þessa ákvörðun
218. Þetta er mannréttindabrot og sársaukafullt fyrir barnið.
219. Þetta er ekkert annað en ofbeldi
220. Ég styð bann við umskurð á heilbrigðum kynfærum drengja á Íslandi. Beitum dómgeind. Verum mannleg. Sýnum kærleikann í verki.
221. Þeir eiga að hafa val.
222. Mér finnst mikilvægt að inngrip sem umskurður er sé ákveðið af einstaklingnum sem um ræðir , þegar hann hefur aldur til.
223. Börn njóti vafans.
224. þetta er ekkert annað en villimenska og afskræming
225. Ég tel að drengir eigi að fá að taka sjálfir ákvörðun hvort þeir fari í úrskurð eða ekki þegar þeir hafa aldur til. Og þá með deyfingu eða svæfingu.
226. Ég er nokkuð viss um að það væri barnaverndarmál ef einhver tæki upp á því að skera aðeins af eyrunum af 8 daga gömlu barni. Ég líka bara neita að trúá því að foreldrar sem væru ekki undir trúarlegum eða samfélagslegum þrýstingi frá fjölskyldu eða einhverjum klerkum úti bæ færu að taka ákvörðun um að limlesta kynfærin á ungbarninu sínu. Lagasetning um þetta myndi ekki bara vernda börnin heldur líka foreldrana.
227. Þetta er hryllingur, martröð, ofbeldi og brot á mannréttindum.
228. Ég styð bann við umskurð á heilbrigðum kynfærum drengja á Íslandi og styð að þeir getir sjálfir tekið ákvörðun eftir 18 ára aldur þegar þeir hafa vit og aldur til að taka upplýsta ákvörðun.
229. Þetta er ekkert annað en misþyrming á litlum börnum - hafi þetta eitthvað með trú að gera eiga þeir að taka þá ákvörðun sjálfir þegar þeir hafa vit til.
230. Umskurður drengja er algjör óþarfi ef ekki er læknisfræðileg ástæða til þess. Umskurður drengja er eins og umskurður stúlkna... þetta þjónar engum tilgangi!
231. Þetta er hryllileg meðferð á börnum
232. ég styð þetta frumvarp heilshugar
233. Gott ef Ísland getur gengur fram með fordæmi í þessum málum og harðbanna þessa limlestingu á ungbörnum. (sennilega fyrst landa?) Allir eru sammála um bann við umskurði kvenna, af hverju ekki drengja? .

234. Allar ónausynlegar og óafturkræfar aðgerðir á börnum ættu að ver bannaðar!
Intersex-börnum þar á meðal!!!
235. eg styd bann a umskurdi drengja !!
236. Þetta er rangt
237. eg styd bann vid umskurdi drengja ! thetta er barnanid!
238. Thetta er vidurstyggilegt ofbeldi af haestu gradu.
239. Vegna þess að það er ekki rétt að umsekera krakka!!!!
240. Ég skrifa undir vegna þess að ég tel umskurð vera misþirringu á barni.
241. Ungabörn eiga ekki fara undir róttækar aðgerðar , mikil sýkingarhætta
242. Það er engin þörf á þessari aðgerð og það á eingöngu að gera aðgerðir á börnum sem bæta líf þeirra. Og í sambandi við trú þá get ég ekki skilið að maðurinn þurfi að bæta sköpunarverk Guðs.
243. Til þess að vernda barnið fyrir óþarfa aðgerðum á líkama þess. Aðgerðum sem eru sársaukafullar og gerðar til einskis. Ef guð (hvaða Guð sem er) er góður vill hann ekki að börn gangi í gegnum sársauka og ofbeldi til að vera honum þóknanleg.
244. Ég styð bann við umskurð á heilbrigðum kynfærum drengja á Íslandi og styð að þeir getir sjálfir tekið ákvörðun eftir 18 ára aldur þegar þeir hafa vit og aldur til að taka upplýsta ákvörðun.
245. Strákar eiga að hafa val hvort þeir vilja umskera sig eða ekki.
246. Auðvitað ætti þetta að vera þeirra val, þetta er þeirra líkami
247. Þetta fynnst mér ekki í lagi
248. Þetta er misnotkun og barnanýð
249. Hver og einn hefur einungis sjálfur val og aðgang að sínum eigin líkama, allavega ætti það að vera svoleiðis. Hægt væri að líkja umskurði við að brjótast inn og stela einhverjum dýrum gripum alveg eins og að ganga að líkama manneskju án leyfis. Þessir tveir hlutir eru ekkert mikið ósvipaðir. Meira að segja er seinni valkosturinn verri vegna þess að við höfum aðeins einn líkama sem við göngum í alla ævi en getum hinsvegar skipt út húsgögn og slíku fyrir nýtt.
250. Ég er andvígur limlestingum á börnum. Drengir geta farið í umskurð þegar þeir eru orðnir 18 ára.
251. Ungabarn ætti alltaf að njóta vafans fram yfir hefðir eða trúarbrögð
252. Ég skrifa undir vegna þess að ég er a móti því að drengir fái ekki að ákveða sjálfir örlög kynfæra sinna.
253. ég vil að hver og einn geti tekið sýna eigin ákvörðun um sinn eigin líkama
254. Í mínum huga er umskurður á heilbrigðum kynfærum barna ofbeldi og skal ekki líðast. Bann við ófögnuði þessum, samþykkt á lýðræðislegan hátt, gæti styrkt baráttu fyrir réttindum barna meðal þjóða sem lifa við aldagamlar trúarkreddur. Dropinn holar steininn. Refsiramman þarf að þróa með tilliti til hagsmuna barnanna.
255. Ég vil stoppa umskurð drengja á Íslandi.
256. Mér finnst að þetta eigi að vera ákvörðun einstaklingsins eftir 18 ára aldur. Mér finnst þetta vera ofbeldi og þar af leiðandi rangt.
257. Hefð er ekki nógu góð afsökun fyrir limlestingum ungbarna.
258. Þetta er ránt!!!!

259. Börn eiga að fá að ráða sínum líkaman sjálf!
260. Þetta á að vera val þeirra þegar þeir eldast.
261. Því að umskera einstakling án upplýst samþykkis hans er hlutlægt rangt
262. Það er verið að láta litla stráka þjást á fyrstu sekúndum líf síns fyrir ekkert
263. Út með hina „útvöldu“.
264. Óþarfa aðgerð sem veldur varanlegu tjóni
265. Það á undir engum kringustæðum að misþyrma börnum.
266. Ég skrifa undir vegna þess að mér finnst mikilvægt að það sé á hreinu í lögum að aldrei sé gefinn afsláttur á réttindum barna/mannréttindum/jafnrétti kynjanna í skjóli menningarlegra eða trúarlegra athafna, sé skaði fyrir hendi- sem ég tel vera í tilfellum umskurðar. Held að slíkur afsláttur í nafni trúar sé merki um stefnu í ranga átt og varasamt fordæmi.
267. Ég er á móti því að framkvædar séu óafturkræfar aðgerðir á ólöggráða börnum
268. Rangt er að umskera börn af trúarlegum ádtæðum!
269. Barnið á að ráða hvort það vilji svona inngrip í líkamann er hefur aldur til
270. Ég skrifa undir vegna þess að umskurður heilbriggra kynfæra drengja er óþarfur og óafturkræfur og er brotið á mannréttindum þess sem umskurðurinn er framinn á, þar sem barnið getur ekki veitt samþykki fyrir aðgerðinni.
271. Umskurður barna er óásættanlegur. Ef þau vilja umskurð þegar þau eru eldri og hafa vit til að velja þá er það þeirra mál, en aldrei þegar þau hafa ekkert val.
272. Það á ekki að framkvæma óþarfa skurðaðgerðir á heilbrigðum, nýfæddum drengjum eingöngu útaf einhverju sem á að heita hefðir. Það er alltaf hægt að umskera sig seinna á lífsleiðinni, þegar menn hafa val um það.
273. Einungis hugmyndin að umskera ungabörn er óhugnaleg!
274. Finnst algjörlega ótækt að níðast á börnum, sama hvaða form það tekur á sig.
275. Þetta er ómannkegt
276. Ég styð bann á umskurði a börnum
277. Þessi afskræming tilheyrir fornöld og er ekki til góðs. Kindur eru eyrnamerkta, ekki börn !
278. Ég styð bann við umskurði á kynfærum drengja á Íslandi
279. Vegna þess að einstaklingar hafa rétt á að vita hvað er gert við þá, ungabörn hafa ekki hugmynd
280. Ég styð bann við umskurð á heilbrigðum kynfærum drengja á Íslandi og styð að þeir getir sjálfir tekið ákvörðun eftir 18 ára aldur þegar þeir hafa vit og aldur til að taka upplýsta ákvörðun.
281. Ég á ekki orð um þessa meðferð á litlum drengjum sem geta sig hvergi verið. Það að þetta sé ákveðið "norm" er algerlega út í hött. Banna þetta strax!
282. Fólki á að geta haft val um sinn eigin líkama og ekki á að gera óafturkræfar aðgerðir á börnum sem ekki eru nauðsynlegar fyrir heilsu þeirra.
283. Drengir eiga rétt á að taka þessa ákvörðun sjálfir þegar að þeir hafa aldur og vit til
284. Ég get ekki séð annað en að réttur einstaklingsins sé hér undirsettur rétti trúarbragðanna. Það er mér óskiljanlegt. Ef einstaklingur vill af trúarlegum ástæðum láta umskera sig - er ljóst að hann getur farið til "fegrunar"læknis, borgað uppsett gjald og gert þetta - þegar hann er 18 ára (fullráða). Umskurn á kynfærum sveinbarna er ofbeldi. Ef ekki er talin bráð nauðsyn af læknisfræðilegum ástæðum að framkvæma umskurn, á að láta

það vera. Réttur einstaklings yfir eigin líkama er æðri en réttur trúarbragða, menningaráhrifa eða siðvenja.

285. Umskuðrir eru siðferðislega rangir.
286. Mér finnst þessi aðgerð fyrir neðan allar hellur
287. Það er rétt að standa í vegi fyrir ofbeldi.
288. Ég treysti umsögnum lækna og hjúkrunarfólks á Íslandi um að þessi aðgerð á líffærum ungbarna geti verið þeim skaðleg. Gamlar trúarkreddur eiga í okkar samfélagi að víkja fyrir heilbrigðri skynsemi.
289. Inngrip í líf einstaklings..
290. Drengir geti sjálfir ákveðið þetta um 18 ára aldurinn.
291. Umskurður ungbarna er áhættusöm og getur haft slæmar afleiðingar fyrir barnið, bæði andlega og líkamlega
292. Strákar eiga að fá að ráða þessu sjálfir.
293. Sjálfsagt að banna óparfa, óafturkræfar aðgerðir á heilbrigðum börnum sem geta ekki rönd við reist. Upplýst samfélag, takk. Árið er 2018.
294. Þetta er barnanið
295. Fáránlegt
296. Drengir eiga að geta haft möguleika á því að ráða því sjálfir
297. Siðferðislega er þetta ekki í lagi.
298. Óafturkræft inngrip í líf kornabarna er viðbjóður og galið ef trúarbrögð eiga að vega þyngra.
299. Umskurður tengist ekki trú og á að vera val hvers og eins.
300. Ég er sammála þess að það ætti að banna umskurð á heilbrigðum kynfærum drengja!
301. Mer finnst mikilvægt að einstaklingurinn fái að velja
302. Þetta er traumatiserandi og óþörf aðgerð á kynfærum nýfæddra drengja!
303. Þetta er óþarfi og getur leitt til vandræða seinna fyrir einstaklinginn sem var umskorinn.
304. Það er það eina rétta!
305. Fyrir börnin og þeirra rétt til eigin líkama
306. Umskurður er mjög forn og gamaldags venja sem er alveg óþörf á tímum þegar hreinlæti kemur jafnvel að betra gagni. En í fornöld og á miðöldum var auðvitað ekki alltaf góður aðgangur að góðu vatni í þeim löndum þar sem skortur var á því.
307. Finnst þetta ekki vera trúar mál þar sem barn fæðist ekki trúað heldur er það uppeldi og lífskoðanir sem myndast í gegnum árin sem stjórna því. Þeir sem vilja gangast undir svona aðgerð velja sér það þá þegar þær að kemur
308. Mannréttindi að fá að ráða svona sjálfur
309. Þetta er ekkert nema ofbeldi gegn saklausum börnum.
310. Það er fáránlegt að það viðgangist að framkvæma óparfar aðgerðir á börnum sem ekki geta veitt samþykki sitt.
311. Limlestingar á drengjum eru mannréttindabrot sem þarf að stöðva án tafar
312. Það er hið rétta.
313. Vegna þess að það á ekki að skera líkamsparta af nýfæddum börnum í þágu trúarbragða. Ef einstaklingur velur það sjálfur þegar hann er orðinn sjálfráða þá er það hans val.
314. Finnst þetta vera ofbeldi

315. Óþarfa limlestingar á kynfærum ómálga barna í nafni trúar ættu ekki að viðgangast. Flest öll rök með þessu eru byggð á löngu úreltum "vísindum" og setur þetta hefðir ofar velferð barna. Umskurður á að vera upplýst val.
316. Þetta er ógeðslegt og ætti að vera bannað helst fyrir löngu síðan!
317. Umskurður drengja er augljóslega líkamsárás. Hann er úrelt hefð sem hefur engan réttlætanlegan eða lógískan tilgang. Auðvitað á að gera hann refsiverðan eins og annað ofbeldi.
318. Finnst að það eigi að vera val hjá þeim einstaklingum, sem þetta á við, þegar þeir hafa vit til, en ekki foreldra.
319. Mér finnst líkaminn eigi að vera eins og hann er skapaður, foreldrar eiga ekki að hafa vald til að breyta líkama barnanna án þess að börnin hafi neitt um það að segja.
320. Ég er á móti því að beita börn ofbeldi og valda þeim sársauka.
321. Ég skrifa undir vegna þess að ég er á móti óþarfa lilestingum sér í lagi á börnum
322. Einstaklingur á skilið val
323. Ég stið frumvarpið heilhugar
324. hver og ein ræður yfir sínum líkama Ef hann vil umskurð getur hann gert það þegar hann hefur aldur til að taka slíka ákvörðun sjálfur
325. Því ég tel það siðferðislega rangt að gera ómálga börnum þetta. Þetta er óþarfa aðgerð og er ekkert annað en limlesting ungbarna. Nei takk.
326. Þetta er ekkert annað en ofbeldi gagnvart varnarlausum börnum. Merkilegt hvað líðst í nafni ákveðinna trúarbragða, það myndi eitthvað heyrast ef heiðnir menn fórnðu geit en þykir sjálfsagðasta mál að gyðingar og múslímar ráðist á nýfædda drengi með eggvopnum. Að þetta skuli vera leyft í hinum vestræna heimi er einfaldlega skandall og til skammar fyrir þau samfélög sem hlut eiga að máli.
327. Drengir eiga að ráða þessu sjálfir
328. Ég skrifa undir af því að þetta er svo rangt að grípa inn í líkaman við erum sköpuð með allt sem er eðlilegt og það er einhver ástæða fyrir því að við erum með alla þessa líkamshluti það hlítur að þjóna einhverjum tilgangi .
329. Þetta er rangt sama hvernig á það er litið.
330. Mér finnst þetta vera ofbeldi gegn barninu og ef það er þetta sem þarf fyrir trúna þarf að endurskoða trúarbrögðin. Allur vafi á að vera barninu í hag.
331. Sú athöfn að skera heilbrigðan part af líkama barna er gróft ofbeldi sem enginn ætti að samþykkja eða taka þátt í. Trúfrelsi og menning skipta engu máli þegar við erum að tala um slíkt því að engin ástæða/réttlæting er gild til þess að horfa framhjá þjáningu barns.
332. Einstaklingur sem stjórnar sýnum líkama sjálfur.
333. Eg er á móti umskurdi
334. Ég get ekki stutt við barnanið og það er akkúrat það sem þetta er. Burt séð frá trúanrögðum þá er þetta og verður alltaf barnanið.
335. Að mér finnst þetta eigi að vera ákvörðun hvers og eins þegar viðkomandi er búinn að ná sjálfstæðisaldri.
336. Látið tippin í friði!!!
337. Þetta á að vera drengurinn sem á að ráða þessu 18 ára

338. Ég styð bann við umskurð á heilbrigðum kynfærum drengja á Íslandi og styð að þeir getir sjálfir tekið ákvörðun eftir 18 ára aldur þegar þeir hafa vit og aldur til að taka upplýsta ákvörðun.
339. mannréttind yfir trúarbragðakreiddur
340. Því það er ekkert sem réttlætir þessar pintingar
341. Það á engan vegin við að skera líkamshluta af börnum nema það sé eitthvað að þeim líkamlega og lækningar þurfi við.
342. Eg skrifa undir vegna þess að eg vil vernda ungabörn fyrir fornaldartrúarbrögðum sem vilja limlesta þau. Líka í leiðinni henda inn að banna Child Rapists International (kapólskakirkjan) á Íslandi
343. Kynlíf umskorinna karla er þeim meiri þraut, en almennt er talað um.
344. Fólki á að hafa val um lýtaaðgerðir á sjálfum sér
345. Engin haldbær rök hafa verið lögð fram afhverju þetta ætti að meiga í öðrum tilgangi en læknisfræðilegum.
346. Mér finnst þetta mannréttindabrot! Drengir eiga fá að ráða þessu sjálfir
347. Ég er þeirrar skoðunar að inngrip í líkama barna sé aldrei réttlætanlegt nema um læknisfræðileg atvik sé að ræða.
348. Trúarvenjur eiga ekki að trompa barnaverndarlög og ráðleggingar menntaðra heilbrigðisstarfsmanna.
349. Ég styð bann við umskurð kynfæra á drengjum Ísland því að mér finnst að þeir ættu að taka áhvörðun um það sjálfir þegar þeir eru 18 ára eða eldri.
350. Umskurður nýfæddra drengja er ekkert annað en misþyrming og á engan vegin rétt á sér.
351. Þetta er frumstæð trúarvillimennska!
352. Mér finnst þetta villimennska að misþyrma barni á þennan hátt
353. Í gömlum norrænum bókum var umskurður kallaður hreinlífismark: hann markaði sik sjálfan því hreinlífis marki, Ver. 14 (of the circumcision). Að hann skyldi gera þetta sjálfur er vissulega aðdáunarvert en eitthvað held ég nú samt að hnífurinn hafi skolfið í höndum honum. En að slíkar afturúrlistir fortíðar skuli ennþá vera stundaðar á nýfæddum börnum er auðvitað barbarismi og furðulegt að guðsfólk skuli taka upp hanskann fyrir slíkt rugl, þar sem slíkar manneskjur halda því daglega fram að guð skapaði manninn í sinni mynd, en svo er allt í einu kominn hnífur á loft til að skera forhúðina af. Situr guð þá þarna uppi með hettuböll sinn (útsk. penis hvis Forhud helt dækker Penis (mods. stingböllur)) og kveinkar sér við hverja forhúð sem fýkur af sveinbarni? Eða er honum - einsog flestum núorðið - nokk sama um karlmenn og réttindi þeirra? Ég veit það ekki, hef ekki hitt þann skeggbraga. En líklega segir hann einsog flestir: Þetta er hefð, þetta er allt annað en umsurður stúlkna, læknasamband BNA mælir með þessu, Egyptar vissu hvað þeir sungu, Gyðingar eiga eftir að fordæma okkur, verðum að virða trú annarra... Vissulega er margt til í þessu öllu saman, en fjandinn hafi það, ég er á móti þessu rugli, forhúðin er ekkert ostagerðarform (smegma) sýkla, þetta er þarna til að gera heiminn friðvænlegri. Alls staðar þar sem þetta er stundað lifir reiðin góðu lífi, og auðvitað er þetta sagt í hálfkæringi - en þetta gæti hugsanlega verið satt, þó ég efist um það. Ég gæti samt ekki verið án minnar forhúðar, hvernig ætti ég annars að geta komið konunni á óvart um páskana með svona litlum upprúlluðum málshætti, falinn undir húðinni góðu: Lítið þarf lipran að keyra.

354. Mannréttindi trompa trúfelsi
355. annað er óeðlilegt!
356. Mér finnst þetta vera ómannúðleg meðferð og lífsgæðaskerðing á ósjálfbjarga börnum.
357. Mig hrikkir við þessum misþyrmingum á ómálga drengjum
358. Brot á mannréttindum! Ekki samþykki bsrnsins!
359. Þetta á að vera val drengjanna
360. Þetta á að vera val barnsins
361. Umskurður er viðbjóður
362. Ég skrifa undir vegna þess að þetta er óþörf aðgerð og kvalafull.
363. strákar eiga að fá að velja þetta sjálfir
364. mér finnst að strákar eiga sjálfir að geta tekið þessa ákvörðun.
365. Ég skrifa undir vegna þess að ég styð ekki pyntingar.
366. Þetta á bara að vera réttur hvers og eins að taka ekki foreldra
367. Umskurður á litlum börnum er barnaníð.
368. Ómannúðlegt og siðlaust
369. umskurður á börnum er eitthvað sem á ekki að viðgangast á 21öldini
370. brot á mannréttindum ungra barna
371. Ég skrifa undir vegna þess að mr finst að þeir eigi að ráða þessu sjálfir !
372. Ef allt er í lagi á þetta að vera val þess sem mun lifa með þessu
373. Umskurðir eru óþarfa líkamsbreytingar sem gerðar eru á börnum. Það er verið að svipta barn ákvörðunarrétti á einhverju sem mun hafa endanlegar breytingar í för með sér og ekki er aftur snúið. Þetta er einfaldlega ómannúðlegt
374. Þetta skal hætta!
375. Þetta er bara rangt og ljótt að gera svona við lítil börn!!!
376. Þetta er bara rangt og Það er bara hræðilegt að vera að brjóta svona á líkama drengja, þeir eiga að fá að ákveða það sjálfir hvort þetta sé gert við þá!að gera svona við lítil börn!!!